

sínum samþykkt með 4 atkvæðum gegn 2 svohljóðandi heimild til lántöku fyrir hreppsnefnd Presthólahrepps: „Sýslunefndin heimilar hreppsnefnd Presthólahrepps að taka alt að 2000 kr. lán til þess að taka þátt í uppgjöf skulda nokkurra fátækra manna við Kaupfjélag Norður-Þingeyjunga að $\frac{1}{3}$ gegn því að kaupfjélagið og deildirnar felli niður $\frac{2}{3}$ skuldanna“, en að þjer hafið samkvæmt rjetti þeim, sem 81. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 43, 10. nóvember 1905, veitir þar til, mótmælt hinni samþykktu heimild og felt hana úr gildi, þareð þjer getið ekki talið heimilt samkvæmt gildandi lögum, að verja hreppsfje til þess að greiða með því verslunarskuldir einstaklinga við kaumenn eða kaupfjélög.

Ráðuneytið verður að vera yður öldungis samdóma um það, að hvorki í sveitarstjórnarlögunum nje annarsstaðar sje hreppsnefndum gefin heimild til þess að verja hreppsfje til þess að greiða með því verslunarskuldir einstakra manna eða taka vegna hreppssjóðs lán í því skyni, enda væru slíkar ráðstafanir alveg gagnstæðar tilgangi og ákvæðum fátækralaganna. Af þessu leiðir, að sýslunefndir geta ekki veitt heimild til slíkra ráðstafana. Sýslunefndin í Norður-Þingeyjarsýslu virðist þannig með því að samþykkja framangreinda lántökuheimild hafa farið fram yfir það, sem hún hefir vald til, og ber því að fella hina veittu lántökuheimild úr gildi.

Því úrskurðast:

Heimild sú, sem sýslunefndin í Norður-Þingeyjarsýslu á síðasta aðalfundi sínum veitti hreppsnefndinni í Presthólahreppi til þess að taka alt að 2000 kr. lán til þess að taka þátt í uppgjöf skulda nokkurra fátækra manna við Kaupfjélag Norður-Þingeyjunga, er hjer með úr gildi feld.

Þetta er yður, herra sýslumaður, hjermeð til vitundar gefið til leiðbeinngar og frekari birtingar.

Brjef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, um greiðslu sjúkrahúsvistar-kostnaðar samkv. lögum nr. 61, 27. júní 1921.

Borgarstjóri Reykjavíkur hefir skotið til ráðuneytisins úrskurði yðar, herra sýslumaður, dags. 18. f. m., sem ákveður, að Stykkishólshreppur skuli laus við að endurgreiða bæjarsjóði Reykjavíkur kr. 33.33, sem eru eftirstöðvar af spítalakostnaði og læknishjálpi, að upphæð kr. 414.00, stúlkunnar Sigrúnar Steinþórsdóttur sveitlægrar í nefndum hreppi.

Hreppurinn hefir neitað endurgreiðslu á tjeðum kr. 33.33 af því, að

58

23. sept.

59

20. nóv.

59 Reykjavíkurbær, sem dvalarsveit sjúklings þessa, eigi að bera þenna hluta **20. nóv.** samkvæmt lögum nr. 33, 20. okt. 1913, sbr. 69. gr. fátækralaganna. Hafið þjer með tilvísun til úrskurðar í Stjórnartíðindunum 1910, B-deild bls. 281, og með því að telja verði að 1. gr. laga nr. 61, 27. júní 1921 hafi í engu takmarkað gildi laga nr. 33, 20. okt. 1913, fallist á þennan skilning í úrskurði yðar.

Við þetta er það að athuga, að kostnaður sá sem hjer ræðir um og krafist er endurgreiðslu á, er ekki sveitarstyrkur, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 61, 27. júní 1921, og er því þegar af þessari ástæðu samkvæmt berum orðum 1. mgr. lagagreinarinnar ekki heimilt að leggja sjúkrakostnað þenna á aðra sveit en framfærslusveitina, nema að svo miklu leyti, sem ríkissjóður kann að eiga að bera nokkuð af honum.

Því úrskurðast: Stykkishólmshreppur endurgreiði bæjarsjóði Reykjavíkur nefndar kr. 33.33.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar fyrir hreppsnefndinni og annist þjer um að úrskurðuð upphæð verði greidd án tafar.

60 **STAÐFESTING KONUNGS** á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð **11. sept.** Stefáns Magnússonar og Ingibjargar Magnúsdóttur, Flögu, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherranum 11. september 1924. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs Stefáns Magnússonar og Ingibjargar Magnúsdóttur, Flögu.

1. gr.

Þann 4. nóvember 1919 á fimtíu ára hjúskaparafmæli Stefáns Magnússonar og Ingibjargar Magnúsdóttur á Flögu í Vatnsdal, var þeim afhent 800.00 (átta hundruð) króna gjöf, sem var frá börnum þeirra, sveitungum og vinum, og skyldi með fje þessu stofna sjóð, til minningar um þau, er bera skyldi þeirra nafn. Að öðru leyti áttu þau hjón, að semja skipulagsskrá fyrir sjóðinn, og ákveða tilgang hans, ávöxtun og stjórn.

2. gr.

Sjóðurinn heitir minningarsjóður Stefáns Magnússonar og Ingibjargar Magnúsdóttur.